

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

40. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn mánudaginn 29. mars 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Arnbjörg Stefánsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Mat á stjórnunarreynslu til kennsluferils þegar stjórnandi hefur störf sem kennari –
Málsnr. 2104007SA**

SÍ lagði fram erindi þar sem spurt er hvort ekki skuli meta stjórnunarreynslu skólastjórnenda til kennsluferils þegar stjórnandi hefur störf sem kennari. Vísað er til niðurstöðu 29. fundar samstarfsnefndar FG frá 6. mars 2013 þar sem fjallað er um mat á stjórnunareynslu leikskólastjóra sem hefur kennslu í grunnskóla. Í niðurstöðu samstarfsnefndar kemur m.a. fram að stjórnunarferill við skólastofnanir ríkis og sveitarfélaga sem starfa samkvæmt lögum og námskrá skuli meta til jafns við almennan kennsluferil.

Í kjarasamningi FG er kennsluferill allt að 20 árum metin til sjö launaflokka í þeim tilvikum sem kennari hefur afsalað sér kennsluafslætti. Þá kemur einnig fram í kjarasamningi FG, grein 1.3.1.3, að skólastjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa eftir 10 ár við stjórnun raðist einum launaflokk ofar en ella og eftir 20 ár sem stjórnandi raðist viðkomandi þremur launaflokkum ofar en ella. Ef litið er á gr. 1.3.1.3 skv. kjarasamningi FG og niðurstöðu samstarfsnefndar sem tvö aðskilin mál má líta svo á að stjórnandi með 20 ára kennslureynslu og 20 ára stjórnunarferil geti fengið allt að 10 lfl. Á þeim tíma sem samstarfsnefnd tók ákvörðun um að stjórnunarreynslu skólastjóra skyldi meta til jafns við kennslureynslu gátu félagsmenn FG fengið að hámarki 3 lfl. sem er það sama og stjórnendum var tryggt skv. gr. 1.3.1.3 þegar þeir sneru aftur til kennslustarfa og því var ákvæðið í raun þannig uppsett að tryggja jafnræði.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að teknu tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á mati á starfsreynslu kennara geti það ekki hafa verið tilgangur samningsaðila að stjórnendur sem sneru aftur til kennslustarfa hefðu meiri ávinning af starfsreynsluákvæðum í kjarasamningi FG en á við um kennara. Þannig gæti verið rétt að horfa til þess að jafnræðis verði gætt við

framkvæmdina þannig að það hámark sem kennarar geta fengið, nú allt að 7 lfl., gildi einnig um stjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa. Til að ná þessu markmiði þarf að gera breytingar á grein 1.3.1.3 í kjarasamningi FG og SNS. Breytingin fæli sér að fella niður núverandi ákvæði um að skólastjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa eftir 10 ár raðist einum launaflokk ofar en ella og eftir 20 ár raðist þeir þremur launaflokkum ofar en ella. Í staðinn fjalli grein 1.3.1.3 um að stjórnunareynsla og kennslureynsla sé metin jafngild við mat á kennsluferil þeirra skólastjórnenda sem snúa til baka til kennslustarfa. Með jafnræði er því átt við að stjórnendur sem afsalað hafa sér kennsluafslætti geta lagt saman stjórnunarreynslu og kennsluferil sinn og fengið tvo lfl. fyrir 5 ár, tvo til viðbótar fyrir 10 ár, tvo til viðbótar fyrir 15 ár og einn lfl. til viðbótar fyrir 20 ár. Hámarkið væri því 7 lfl. Þeir sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti fá að hámarki 4 lfl. þ.e.a.s. einn lfl. fyrir 5 ár, einn til viðbótar fyrir 10 ár, einn til viðbótar fyrir 15 ár og einn lfl. til viðbótar fyrir 20 ár.

Formaður SÍ hefur frumkvæði í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:30.